

# Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna

**Grein 1** Við erum öll fædd frjáls og jöfn. Við eigum okkar eigin hugsanir og hugmyndir. Fólki á að koma eins fram við alla menn.

**Grein 2** Þessi réttindi eiga allir, hverjir sem þeir eru og hvernig sem þeir eru.

**Grein 3** Við eigum öll rétt til lífs og til að búa við frið og öryggi.

**Grein 4** Enginn má gera okkur að þrælum sínum. Við megum ekki gera neinn að okkar þræl.

**Grein 5** Enginn hefur rétt til að meiða okkur eða til að pynda okkur.

**Grein 6** Við eigum öll rétt á því að lög og regla verndi okkur.

**Grein 7** Allir eru jafnir fyrir lögum og eiga rétt á sanngjarnri meðferð.

**Grein 8** Við getum öll leitað til dómstóla ef við verðum fyrir óréttlæti.

**Grein 9** Ekki má setja okkur í fangelsi eftir geðþótta eða reka okkur úr okkar eigin landi.

**Grein 10** Ef við erum sökuð um glæp verður að halda opinber réttarhöld. Þeir sem dæma okkur mega ekki láta aðra segja sér fyrir verkum.

**Grein 11** Enginn telst sekur um glæp fyrr en búið er að sanna það fyrir dómstóli. Ef við erum sökuð um að gera eitthvað rangt eigum við rétt til að sýna fram á sakleysi okkar.

**Grein 12** Enginn má spilla mannorði okkar. Enginn má eftir geðþótta koma óboðinn inn á heimili okkar, opna bréfin okkar eða trufla fjölskyldu okkar.

**Grein 13** Við megum öll ferðast frjáls í okkar eigin landi og til útlanda.

**Grein 14** Ef við óttumst að farið verði illa með okkur í heimalandi okkar megum við leita hjálpar í öðru landi þar sem við erum örugg.

**Grein 15** Við eigum öll rétt á því að tilheyra landi.

**Grein 16** Allir fullorðnir mega gifta sig og eignast fjölskyldu. Karlar og konur hafa sömu réttindi þegar þau giftast og ef þau skilja.

**Grein 17** Allir mega eiga hluti, einir eða með öðrum. Enginn má eftir geðþótta taka frá okkur það sem við eigum.

**Grein 18** Við megum öll trú á það sem við viljum. Við ráðum hvort við játum einhverja trú og við megum skipta um trú.

**Grein 19** Við megum öll hafa skoðanir og láta þær í ljós. Við höfum rétt til þess að hugsa það sem við viljum og segja öðrum frá hugsunum okkar og skoðunum.

**Grein 20** Við eigum rétt á að hitta vini okkar og vinna saman í friði að því að standa vörð um réttindi okkar. Enginn getur neytt okkur til að vera í félagi ef við viljum það ekki.

**Grein 21** Við megum öll taka þátt í að stjórna landinu okkar. Allir fullorðnir mega kjósa þá sem þeir vilja í kosningum.

**Grein 22** Við eigum öll rétt á heimili, nógum peningum til að lifa fyrir og læknishjálpi ef við erum veik. Listir, menning og íþróttir eru fyrir alla.

**Grein 23** Allir fullorðnir eiga rétt á vinnu og sanngjörnum launum. Allir mega vera í stéttarfélagi.

**Grein 24** Við eigum öll rétt á að hvíla okkur og til að taka okkur frí.

**Grein 25** Við eigum öll rétt á að lifa góðu lífi. Mæður og börn, aldraðir, atvinnulausir og fatlaðir eiga að njóta sérstakrar verndar.

**Grein 26** Við eigum öll rétt á menntun og öll börn eiga að stunda ókeypis grunnskólanám. Við eigum öll rétt á að stunda frekara nám og nýta hæfileika okkar til fullnustu. Foreldrar okkar ráða mestu um hvað við lærum og hvernig við gerum það. Við eigum öll að læra um Sameinuðu þjóðirnar, friðsamleg samskipti fólks og virðingu fyrir mannréttindum.

**Grein 27** Við ráðum hvernig lífi við lifum. Allir eiga rétt á að njóta þeirra gæða sem vísindi og menntun geta veitt okkur.

**Grein 28** Við eigum öll að búa við öryggi og aðstæður þar sem mannréttindi okkar eru virt.

**Grein 29** Við höfum skyldur gagnvart öðru fólki og eigum að standa vörð um réttindi þess og frelsi.

**Grein 30** Enginn má taka þessi réttindi frá okkur.